

240. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	27.11.2014	Fundartími:	16.05 – 17.40
Fundarstaður:	Vatnagarðar 20, Reykjavík	Fundarritari:	Kristján Ottósson
Fundarmenn:	Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Kristján Ottósson (KO), Helgi Pétursson (HP), Birgir Hólm (BH)		
Forföll:	Guðmundur Páll Ólafsson (GPÓ), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Jón Guðmundsson (JG) og Gunnar Sigurðsson (GS)		

1. Fundur settur.
2. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir við síðustu fundargerð, og hún var samþykkt.
3. „Lofsvert lagnaverk 2013“. Hátíðarhöldin tókust vel.
4. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Ekkert hefur gerts frá síðasta stjórnarfundum. Fyrri bókun kemur hér óbreytt. „Íðan hefur fengið leyfi fyrir því að nýta allan þann búnað sem þeir vilja úr Lagnakerfamiðstöðinni. Nú liggur fyrir að Íðan mun taka vatnsúðakerfið úr Lagnakerfamiðstöðinni. Þeir munu einnig taka Danfoss kerfið og bætt verður síðan við það. Málmfræðisvið Íðunnar hefur hins vegar hikað með að taka loftræsihlutann. Skýrist það fyrst og fremst að því hve loftræsisamstæðan er stór. Lagt er til að funda með sviðstjórn málm – og tæknikerfa hjá Íðunni (Kristján Kristjánsson) um það mál. Reynt yrði að leita lausna til að fá loftræsibúnað til kennslu inn í Íðunna. SÁS mun kanna með að fá Karl Hákon, Friðbjörn í Stjórnublikk og hugsanlega fleiri til liðs með okkur og hafa undirbúningsfund með stjórninni fyrir fundinn með sviðstjórn Íðunnar“. Ákveðið var að reyna að framkvæma síðustu fundarsamþykkt og fá þessa aðila til að hittuast upp í LKÍ, og HP fékk líkilinn að LKÍ afhentan hjá Birgi Hólmi.
5. Fundur í febrúar 2015. Rætt var mikið um hugsanlegan fund á næsta ári, sem fjalla á um Brunalokur í loftræstikerfum, hönnun og framkvæmd þeirra. Menn voru ekki sammála um hvernig setja ætti upp málefnið til framsetningar á hugsanlegum fræðslufundi. Ákveðið var að stjórnarmenn legðu málefnið fram hver fyrir sig eins og þeir sjá það fyrir sér og skili til KO. Sjá efnistöð í filgiriti með dagskrá fundarins í 5 liðum.
6. Mannvirkjastofnun - „Úttektarhandbók“? JG mætti ekki á fundinn og bíður þessi liður fgreiðslu. „Unnið hefur verið að skoðunarhandbókum. Þær eru að komast á það stig að fara í rýni. Það verður fundur í lok október með Byggingarfulltrúum til kynningar og JG stefnir á að sýna hönnuðum þetta í byrjun nóvember“.
7. Framundan. Það heyrir ekkert frá stjórnarmönnum, til að skrifa í Fréttabréfið og á Heimasíðu og Facebook. Kallað er eftir greinum frá ykkur félagar úii á markaðnum, hjá ykkur er þekkingin.
8. Önnur mál. Rætt um ýmis mál.
9. Myndataka af stjórn. Frestað

Lagnafélag Íslands

Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.